


Þetta er mikið púl en alveg gríðarlega skemmtilegt

Magnús Eiríksson, 65 ára gamall, sem frá áramótunum 1973-1974 hefur búið á Siglufirði, tók 6. mars síðastliðinn þátt í Vasa-skíðagöngunni í Svíþjóð í 20. sinn og fékk að launum verðlaunapening fyrir það afrek sitt. Umrædd ganga er lengsta og fjölmennasta almenningsganga í heimi og er til minningar um frækilega skíðagöngu Gustavs Eriksson Vasa, síðar Svíakonungs, í lok 14. aldar. Hún er 90 km og er lagt upp frá bænum Sälen við landamæri Noregs og gengið til Mora. Hún var í fyrsta sinn haldin árið 1922.



Leiðin frá Sälen (A) til Mora (B).

Magnús er fæddur 17. nóvember 1951 á Stóru-Reykjum í Fljótum í Skagafirði. Á uppvaxtarárum sínum þar fékk hann sín fyrstu kynni af skíðaíþróttinni, byrjaði á gömlum eikarskíðum, segir hann, að leika sér, renna sér og stökkva, eins og krakkar þá gerðu, og síðan smám saman vaknaði áhugi á skíðagöngu. Fyrir alvöru fór hann þó ekki að stunda skíðagöngu að ráði fyrr en um eða eftir fermingu. Hann átti heima í Fljótum þar til hann fór suður til Reykjavíkur að vinna 19 ára gamall, bjó þar syðra í 2-3 ár, en flutti svo þaðan til Siglufjarðar. Þar fór hann að læra trésmíði og öðlaðist seinna meistararéttindi og

hefur unnið við þá iðn síðan.

Enginn aukvisi á skíðum

Magnús er enginn aukvisi í téðri íþróttagrein, var lengi keppnismaður og einnig þjálfari í mörg ár. Hann byrjaði á tréskíðum, enda ekkert annað í boði á þeim tíma, en svo komu plasticsólaskíði til sögunnar og loks plastskíði. Og vagma skíðaíþróttarinnar á Íslandi var einmitt í Fljótunum. Fyrsta skíðamótið var haldið þar árið 1905, í Barðshyrninni.

„Þegar ég er að alast upp áttum við Íslandsmeistara, Sigurjón Hallgrímsson frá Knappstöðum í Stíflu, hann var Íslandsmeistari 1956 og 1960. Okkur þótti mikið til hans koma, hann var okkar fyrirmynd. Síðan fer þarna bylting af stað milli 1965 og 1970, þá fer boltinn svolítið að rúlla, þá kemur Trausti Sveinsson á Bjarnagili inn í þetta, hann varð Íslandsmeistari að minnsta kosti 9 sinnum“ segir Magnús, þegar hann er spurður um upphafið að þessu hjá sér.

„Það voru nánast allir, sem eitthvað gátu hreyft sig, á skíðum í Fljótum í þá daga. Þetta var og er snjóþung sveit. Við fórum t.d. þannig á milli bæja á vetrum og í skólann líka. Ég fór á Unglingalandsmót 1966 og á fyrsta Landsmótið 1969 og gullöld okkar, þá hófst hún eiginlega, og stóð frá 1968 til 1975. Þá vorum við með virkilega góða göngumenn. Á hverju ári var haldið Fljótamót. Þannig að þetta vafði upp á sig. Þetta voru mjög ánægjulegir tímar.“

Magnús byrjaði feril sinn hjá Skíðafélagi Fljótamanna og tvö fyrstu árin eftir að hann flutti til Siglufjarðar keppti hann fyrir hönd þess félags, 1974 og 1975, en árið 1976 færði hann sig yfir í Skíðafélag Siglufjarðar – Skíðaborg.

„Þegar ég flyt hingað í bæinn, þá er þetta nánast að deyja út,“ segir hann, „þá er bara nánast enginn á gönguskíðum hérna, og fyrstu árin mín var ég hérna einn og keppti þess vegna fyrir hönd Fljótamanna, ég hafði enga hérna með mér. En smám saman fóru hjólin að snúast.“

Fyrsti Íslandsmeistaratitillinn árið 1969

Magnús varð fyrst Íslandsmeistari í aldursflokknum 17–19 ára, á sínu fyrsta móti, 1969, á Ísafirði, og varð það öll þrjú árin sem hann keppti. Þá gerði hann tveggja ára hlé en byrjaði aftur 1973, keppti á Siglufirði og lenti í fimmta sæti í 15 km göngu og í þriðja sæti í 30 km, en er með Fljótamönnum í boðgöngunni, sem þeir vinna. Árið eftir vann hann allt, í Reykjavík, 15 og 30 km göngu og Fljótamenn vinna aftur boðgönguna. Árið 1975 var hann ekki í alveg nógu góðu formi að eigin sögn, en vann þó boðgönguna með Fljótamönnum, og 1976 vinnur hann bæði 15 og 30 km göngu og lendir í öðru sæti í boðgöngunni með Siglufirðingum. Árið 1977 vinnur hann 30 km gönguna og er annar í 15 km göngunni, svo lendir hann í því að fótbrotna árið 1978 og missti þá af möguleika á að komast á Ólympíuleikana 1980, en er kominn vel af stað aftur 1981 og vinnur allar göngurnar hér á landi. Árið 1982 keppti hann á heimsmeistaramótinu í Osló. Það ár verður hann Íslandsmeistari í 30 km göngu en hættir eftir það sem keppismaður og helgar næstu árin þar á eftir fjölskyldulífinu. Hann náði þó að verða Íslandsmeistari í 30 km göngu 2003. Hann byrjar að stunda Íslandsgöngur 1987, en það eru göngur hugsaðar fyrir almenning sem og keppnismenn og haldnar víða á landinu. Skíðafólkinu er raðað í flokka eftir aldri og samanlagður árangur af mótunum yfir veturinn metinn. Hægt er að vinna farandbikar og það hefur Magnús gert í mörg ár, í sínum flokki. Og eiginkona hans, Guðrún Ólöf Pálsdóttir, í sínum flokki.



Magnús Eiríksson og

eiginkona hans, Guðrún Ólöf Pálsdóttir. Þau hafa bæði tekið þátt í Vasa-göngunni í Svíþjóð, hann 20 sinnum en hún 4 sinnum.

„Þetta eru mjög skemmtilegar göngur,“ segir Magnús. „Alla vega hef ég haft mjög gaman af að taka þátt í þeim. Þær eru á Húsavík, Akureyri, Ólafsfirði, Hólmavík, Ísafirði og í Reykjavík og voru á tímabili á Siglufirði líka.“

Guðrún er fædd 5. maí 1955 á Siglufirði. „Hún hefur farið 4 sinnum til Svíþjóðar með mér og gengið Vasa og er alltaf að hugsa um að fara í fimmta skiptið, hvað sem úr verður. Þetta þarf góðan undirbúning. Þú ert ekki að fara í svona göngu nema þú stundir þetta svolítið,“ segir hann.

15.800 keppendur skráðir til leiks

Er þetta fjölmenn ganga?

„Það er þak á þessu, það eru á milli fimmtán og sextán þúsund sem taka þátt. Í ár voru 15.800 keppendur skráðir til leiks. Þegar opnað er fyrir skráningu í mars árinu fyrir selst upp í gönguna á örfáum mínútum. Það hefur verið ansi mikil fjölgun í þessu af Íslendingum núna undanfarið. Það var töluverð fjölgun rétt fyrir hrún, 2008, svo datt það niður, en núna hefur þetta verið stígandi og ég held að við höfum verið u.þ.b. 60 núna sem gengum.“

Þetta eru tveir flokkar, kvenna- og karlaflokkur. En þeir eru orðnir svo tæknivæddir í þessu, Svíarnir, að þegar maður fer inn á Netið er hægt að fylgjast með göngunni meðan á henni stendur og séð hvernig hverjum og einum gengur, einnig að skoða manns eigin tíma og annarra til að sjá hvar maður stendur miðað við aldur og einnig í heildina. Það er mjög sniðugt. Það eru nokkur ár síðan þeir fóru að gera það.



Feðgarnir klárir í gönguna aðfaranótt sunnudagsins 6. mars. Talið frá vinstri: Eiríkur, Magnús og Ingólfur.

Börnin okkar þrjú eru líka í þessu skíðastússi – Hulda Ingibjörg, fædd 1974, Ingólfur Kristinn, fæddur 1980, og Eiríkur Ingi, fæddur 1991. Þau byrjuðu ung að keppa á Andrésarleikunum í göngu og unnu sinn flokk alveg upp úr öll árin. En svo þegar þau fóru að heiman, í skóla, þá lognast þetta út af hjá þeim, það var erfitt að stunda þetta í burtu, en svo hefur Ingólfur, sem er lögfræðingur að mennt, verið að koma inn í þetta aftur og hann er búinn að fara með mér til Svíþjóðar í þrjú skipti og var einmitt með mér núna í mars. Eiríkur heillaðist af fótbolthanum og hefur verið að spila með Leikni í úrvalsdeildinni og hefur varla stigið á skíði sína í gamla dag, en er í hörkuformi og fór einnig með í Vasa-gönguna núna, í fyrsta sinn, og stóð sig með þryði. Nú reynir þetta á öðruvísi vöðva en hann er að nota í boltanum, en lengi býr að fyrstu gerð, því hann hefur tæknina, kunnir þetta, og það dugði honum. Og dóttir okkar var, eins og drengirnir, mjög góð sem krakki og vann meira að segja fullorðinsflokk eitt sinn, þá 14 ára gömul. Það var á Landsmóti á Akureyri. Það var með því síðasta sem hún keppti hér, enda fór hún í skóla til Reykjavíkur litlu seinna.“

Vasa-gangan þarf mikinn undirbúning

En hvernig ætlaðist það að þú fórst að taka þátt í Vasa-

göngunni og svo kona þín og synir?

„Ja, þetta sumsé byrjaði fyrir 20 árum. Þá voru félagar mínir að byrja að fara í þetta, sem ég þekkti vel úr skíðagöngunni og var að keppa við hér á árum áður á landsvísu, því ég er búinn að vera í þessu nánast síðan ég man eftir mér. Og ég fékk þínu áhuga strax að prófa, að fara eina ferð með þeim, og þá bara var ekki aftur snúið. Síðan er ég búinn að fara árlega. Fyrir tíu göngur þar fær maður bronsmedalíu, fyrir tuttugu silfurmedalíu og svo er gullið einhvern tíma seinna,“ segir hann og hlær.

En hvað er svona heillandi við þetta?

„Þetta hefur bara höfðað til mín,“ segir Magnús. En þetta þarf mikinn undirbúning, þetta er erfið ganga, þetta tekur á, en maður bara fær eitthvað út úr henni, sem maður sækir í aftur og aftur. Maður er bara þannig týpa. Sumir fara bara einu sinni og finnst það nóg. Það má eiginlega draga þetta saman í eina setningu: Þetta er mikið púl en alveg gríðarlega skemmtilegt.“ Magnús hefur alltaf lokið göngunni ytra.



Allir í félagahópi Magnúsar eru merktir Vinir Kitta.

„Þessi hópur sem ég var í núna samanstendur mest af Akureyringum, en einnig eru þar tveir Ísfirðingar, við erum 30, við splittuðum þessu upp, því við komumst ekki öll inn í sama húsið, við vorum 16 núna saman í húsi, þannig að þetta er svolítið sérstakt upplifelsi að vera innan um allan þennan

fjöldi í smá rými. Við erum í kofum og þarna myndast ákveðin stemning, þetta er virkilega spes og notalegt; þetta eru alls konar karakterar sem mætast þarna og segja sögur og hafa gaman af þessu. Þetta er yndislegur hópur, Vinir Kittu, eins og við köllum okkur, í höfuðið á Kristjáni Rafni Guðmundssyni skíðagarpi frá Ísafirði, sem er sá reynslumesti í hópnum og okkar fyrirmynd, og það er ólýsanlegt að fara saman svona einu sinni á ári og hafa gaman af þessu.“



Hópurinn góði.

Hvað ertu lengi að fara þessa 90 kílómetra?

„Það getur verið svolítið misjafnt. Það fer eftir færi og veðri. Fljótastur hef ég verið fjóra tíma og rúmar fjörutíu mínútur, en öllu jöfnu hef ég verið svona milli fimm og sex tíma. Núna var ég á 5,46 sem ég var mjög sáttur við, náði að verða fyrstur af Íslendingunum, af þessum tæplega sextíu manna hóp, sem lauk göngunni. Við erum tveir í hópnum sem höfum farið 20 sinnum í gönguna, ég og Kristján Rafn, hann er sjö árum eldri en ég, og svo er einn á Akureyri, Jóhannes Kárasón, sem var að fara sína nítjándu göngu núna.“

Hjólaskíði besti undirbúningurinn

„Ég hef stundað mikið hjólaskíðin á sumrin og finnst það vera besti undirbúningurinn fyrir Vasa. Og ég hef reynt að nota þau á veturna líka þegar hefur gefið. Aðstaðan fyrir skíðagönguna hér á Siglufirði hefur verið upp og niður, við höfum gott

gönguland en það er ekki troðið reglulega; þá hef ég reynt að ýta mér á götunum og fötttroðið sjálfur braut og alla vega, þannig að það er dálítið erfitt yfir þennan versta árstíma. Maður hefur stundum farið yfir í Ólafsfjörð, en allt of sjaldan, því það er gjarnan mikið að gera í vinnunni, en þar eystra er alltaf troðið, en mér finnst brautin ekki henta mér, hún er of mikið hugsuð fyrir keppnisfólk, hentar mér ekki fyrir þessa séræfingu sem ég er að hugsa um fyrir Vasa-gönguna, því hún er mjög flatlend og byggir mikið á ýtingum. Þessar löngu göngur hafa þróast út í að menn eru að nota hendurnar miklu meira en fæturna, maður þarf að styrkja sig gríðarlega vel á efri hluta líkamans. Maður þjálfar ýtingarnar svo vel á hjólaskíðunum, finnst mér.“

Og Magnús er að þessu enn, reynir helst að fara a.m.k. tvisvar og stundum þrisvar í viku á sumrin á hjólaskíðin, og kveðst líka eitthvað stunda það að ganga á fjöll, til að styrkja fæturna en hleypur ekki mikið núorðið. „Það er komið slit í hnén og svona svo ég þoli það ekki eins mikið og ég gerði hér áður fyrr.“

En hvernig var með eiginkonuna, var hún á gönguskíðum þegar þið kynntust?

„Nei, nei, það var ég sem kom henni á þau,“ segir hann. „En hún keppti hins vegar í svigi sem unglingur. Aðalíþróttagrein hennar var þó sund. Um það leyti voru konur aðeins byrjaðar að fara á gönguskíði og keppa, sem lítið hafði þekkt áður. Ég var sjálfur alltaf á gönguskíðum svo að hún fór að koma með mér og árið 1981 ákvað hún svo að prófa að keppa á Landsmótinu, ég manaði hana reyndar, og það varð til þess að hún heillaðist af þessu.“ Skemmst er frá því að segja, að það varð hjónasigur hjá þeim, Guðrún vann allar greinarnar í kvennaflokknum og Magnús í karlaflokki, og hún vann síðan allt öll árin sem hún keppti, til 1986.

Þetta er allt svo mjúkt

Hvað svo? Á að halda áfram?

„Meðan maður hefur gaman af þessu og hefur heilsu, þá vil ég halda þessu áfram,“ segir Magnús. „En hversu duglegur maður verður, það verður að koma í ljós. Ég hef alltaf unnið mikið með þessu, svo að þetta hefur oft verið dálítið snúið, en ég hef bara haft svo gaman af þessu og er þannig gerður að ég vil helst ekki vera að fara í svona erfiða göngu öðru vísi en að vera vel undirbúinn. Það kostar svolítinn tíma, þannig að maður þarf að skipuleggja sig vel til að þetta gangi upp og svo er maður bara kominn á þennan aldur að maður er alltaf að hugsa um að fara að draga saman seglin í þessari vinnu, hægja á sér í henni, en það hefur einhvern veginn jafnan þróast þannig, að ég hef alltaf fengið í hendurnar verkefni sem ég hef haft áhuga á að takast á við og átt erfitt með að ýta frá mér og því lent í netinu aftur og aftur.“

Ég er búinn að snerta á nokkrum íþróttum, en ég tel skíðagöngu vera einhverja bestu og hollustu íþrótt sem maður getur stundað. Það er ekkert sambærilegt við hana. Hún er líka svo góð fyrir fólk sem er orðið fullorðið, þarna reynir þetta ekkert á liðina, hné og ökkla, þarna eru engin högg, eins og eru í hlaupum og mörgum öðrum íþróttum, þarna bara styrkir þetta, þetta er allt svo mjúkt.



Magnús að taka við medalíu fyrir tuttugustu Vasa-gönguna sína.

